

Eignir

Eignir skulu tilgreindar og sundurliðaðar eins og reitir eyðublaðsins gefa til kynna. Vakin er athygli á flokkun birgða eftir tegund, aðgreiningu eignarhluta í innlendum og erlendum félögum og aðgreiningu inneigna hjá tengdum aðilum.

Hvað varðar misræmi á milli ársreiknings og skattalaga er vísað í kaflann *Leiðréttingar á eigin fé* á bls. 34.

5010 Óefnislegar eignir

Hér skal færa samtölu allra óefnislegra rekstrarfjármuna skv. ársreikningi, sem ekki skal færa annars staðar.

Dæmi um liði sem komið geta í þennan reit eru:

- Rannsókn- og þróunarkostnaður.
- Sérleyfi, einkaleyfi og önnur leyfi, réttur til vörumerkja og sambærileg réttindi og eignir.
- Leiguréttur.
- Annar stofnkostnaður.
- Viðskiptavild.
- Réttur til nýtingar auðlinda. Hér getur t.d. verið um að ræða keypta aflahlutdeild (langtímakvóti í fiskveiðum).
- Fyrirframgreiðslur fyrir óefnislegar eignir.
- Aðrar óefnislegar eignir.

5022 Fasteignir - Mannvirki, lóðir og fasteignaréttindi

Hér skal færa samtölu allra fasteigna, þ.e. mannvirkja, lóða og fasteignaréttinda samkvæmt ársreikningi. Hér er um að ræða bæði fyrnanlegar og ófyrnanlegar eignir.

Sundurliða skal þær greiðslur til verktaka sem eignfærðar hafa verið, s.s. vegna endurbóta eða byggingar fasteigna, á verktakamiðum, RSK 2.01, og skila til Skattsins.

5027 Aðrir varanlegir rekstrarfjármunir

Hér skal færa samtölu varanlegra rekstrarfjármuna, samkvæmt ársreikningi, annarra en fasteigna. Hér er um að ræða bæði fyrnanlegar og ófyrnanlegar eignir.

Dæmi um eignir sem hér geta fallið undir eru:

- Skip, flugvélar og fylgihlutir.
- Bifreiðar og flutningatæki.
- Vélar og framleiðslutæki.
- Innréttingar og búnaður, verkfæri og áhöld.
- Fyrirframgreiðslur fyrir rekstrarfjármuni og rekstrarfjármuni í smíðum.
- Listaverk.

5030 Eignarhlutir í innlendum félögum (öðrum en dóttur- og hlutdeildarfélögum)

Í þennan reit skal færa alla eignarhluti framteljanda í innlendum félögum (öðrum en dóttur- og hlutdeildarfélögum), þar með talin hlutabréf, stofnsjóðsineignir hjá samvinnufélögum og stofnfjáreignir í sameignarfélögum.

Hlutir gjaldanda í innlendum hlutdeildarfélögum og dótturfélögum færast í reit 5035.

5035 Eignarhlutir í innlendum dóttur- og hlutdeildarfélögum

Í þennan reit skal færa alla eignarhluti framteljanda í innlendum hlutdeildarfélögum og dótturfélögum.

5040 Eignarhlutir í erlendum félögum (öðrum en dóttur- og hlutdeildarfélögum)

Í þennan reit skal færa alla eignarhluti framteljanda í erlendum

Efnahagur

Óefnislegar eignir	+	5010
Fasteignir – Mannvirki, lóðir og fasteignaréttindi	+	5022
Aðrir varanlegir rekstrarfjármunir	+	5027
Eignarhlutir í innlendum félögum (öðrum en dóttur- og hlutdeildarfélögum)	+	5030
Eignarhlutir í innlendum dóttur- og hlutdeildarfélögum	+	5035
Eignarhlutir í erlendum félögum (öðrum en dóttur- og hlutdeildarfélögum)	+	5040
Eignarhlutir í erlendum dóttur- og hlutdeildarfélögum	+	5045
Hlutdeild í eigin fé ósjálfstæðra skattaðila	* +/-	5050
Kröfur á tengda aðila sem ekki eru vaxtareiknaðar	+	5060
Kröfur á tengda aðila sem eru vaxtareiknaðar	+	5070
Aðrar kröfur	+	5080
Hráefnisbirgðir	+	5090
Vörur og verk í vinnslu	+	5100
		5110

um félögum (öðrum en dóttur- og hlutdeildarfélögum). Hlutir gjaldanda í erlendum hlutdeildarfélögum og dótturfélögum færast í reit 5045.

5045 Eignarhlutir í erlendum dóttur- og hlutdeildarfélögum

Í þennan reit skal færa alla eignarhluti framteljanda í erlendum hlutdeildarfélögum og dótturfélögum.

5050 Hlutdeild í eigin fé ósjálfstæðra skattaðila

Í þennan reit skal færa samtölu allrar hlutdeildar framteljanda í eigin fé rekstrar, sem rekinn er í samstarfi með öðrum og hefur sjálfstætt bókhald, en ber ekki sjálfstæða skattskyldu. Hér er m.a. um að ræða rekstur hjá sameignarfélagi, sem ekki er sjálfstæður skattaðili sbr. 3. tl. 1. mgr. 2. gr. skattalaga, samrekstur sem ekki er sjálfstæður skattaðili o.s.frv.

Þessi reitur getur tekið +/- gildi. Ef um er að ræða hlutdeild í neikvæðu eigin fé ósjálfstæðra skattaðila, færast upphæðin sem mínustala.

Hluti í eigin fé hlutdeildarféлага og dótturféлага færast ekki hér, heldur í reit 5035 *Eignarhlutir í innlendum dóttur- og hlutdeildarfélögum* eða reit 5045 *Eignarhlutir í erlendum dóttur- og hlutdeildarfélögum*.

5060 Kröfur á tengda aðila sem ekki eru vaxtareiknaðar

Í þennan reit skal færa allar kröfur á tengda aðila, hverju nafni sem þær nefnast, sem ekki eru vaxtareiknaðar með sambærilegum kjörum og gilda í innlánsstofnunum á hverjum tíma.

5070 Kröfur á tengda aðila sem eru vaxtareiknaðar

Í þennan reit skal færa allar kröfur á tengda aðila, hverju nafni sem þær nefnast, sem eru vaxtareiknaðar með sambærilegum kjörum og gilda í innlánsstofnunum á hverjum tíma.

5080 Aðrar kröfur

Hér skal færa allar langtímakröfur og áhættufé sem ekki færast í aðra reiti. Með langtímakröfum er hér átt við kröfur sem ekki er búist við að verði greiddar innan eins árs. Áhættufé í þessu sambandi er t.d. lán til aðila sem er að hefja áhættusaman rekstur eða einhvers konar tilraunastarfsemi, eða eignir sem hafa ekki ákveðið öruggt verðgildi.

Dæmi um liði sem komið geta í þennan reit eru:

- Bundnar innstæður til lengri tíma en eins árs.
- Geymslufé.
- Lánveitingar sem ekki tengjast sölu á vöru/þjónustu.

5090 Hráfnisbirgðir

Í þennan reit skal færa allar hráfnisbirgðir sem notaðar eru til framleiðslu. Efnisbirgðir fyrirtækja í byggingariðnaði og annarri mannvirkjagerð teljast með í þessum reit. Ef framteljandi er með eigin framleiðslu og kaupir einnig fullunnar vörur til endursölu, þarf að greina á milli þeirra birgða sem færast í þennan reit sem hráfnisbirgðir og þeirra birgða sem færast í reit 5120 sem vörubirgðir.

Vörubirgðir verslana og rekstrarvörubirgðir skal færa í reit 5120.

Samtölu birgða í reitum 5090, 5100 og 5120 á að færa í reit 3020 á 3. síðu framtalsins.

5100 Vörur og verk í vinnslu

Hér skal færa allar birgðir vara og/eða verka í vinnslu, þ.e. sem ólokið er í lok reikningsárs og færast því ekki í reit 5110. Einnig falla hér undir byggingar í smíðum hjá byggingarfyrirtækjum.

Samtölu birgða í reitum 5090, 5100 og 5120 á að færa í reit 3020 á 3. síðu framtalsins.

5110 Birgðir fullunninna vara (framleiðslufyrirtækja)

Hér skal færa birgðir fullunninna vara framleiðslufyrirtækja, þ.e. þær vörur sem tilbúnar eru til sölu. Um er að ræða sömu birgðir og færa skal í reit 3015 á 3. síðu framtalsins.

Fyrirtæki, sem stunda framleiðslu eigin vara og kaupa einnig vörur til endursölu, þurfa að greina á milli þeirra birgða sem færast í þennan reit sem birgðir fullunninna eigin vara og þeirra birgða sem færast í reit 5120 sem vörubirgðir.

Vörubirgðir verslana og rekstrarvörubirgðir skal færa í reit 5120.

5120 Vörubirgðir (aðrar)

Hér skal færa aðrar vörubirgðir en þær sem koma eiga í reiti 5090, 5100 og 5110. Hér færast því vörubirgðir verslana, sem ætlaðar eru til endursölu, og rekstrarvörubirgðir, s.s. veiðarfæri, olíur, umbúðir, varahlutir o.s.frv. Hér koma því ekki

birgðir vara sem framleiddar eru af fyrirtækinu sjálfu (koma í reit 5110).

Samtölu birgða í reitum 5090, 5100 og 5120 á að færa í reit 3020 á 3. síðu framtalsins.

5130 Viðskiptakröfur

Í þennan reit skal færa viðskiptakröfur sem myndast hafa við sölu á vöru og þjónustu.

5140 Aðrar skammtímakröfur og fyrirframgreiddur kostnaður

Hér skal færa aðrar skammtímakröfur, þ.e. kröfur sem innheimtast innan eins árs, og sem ekki ber að færa í reiti 5060, 5070, 5080 eða 5130.

Dæmi um kröfur sem fallið geta hér undir eru:

- Kröfur vegna hvers konar ábyrgða eða lánveitinga.
- Fyrirframgreiddur kostnaður og aðrar fyrirframgreiðslur.
- Skammtímahluti langtímakrafna.
- Ofgreiddir skattar.
- Staðgreiðsla skatts af fjármagnstekjum, ef tap er á rekstri og rekstraraðilinn sætir ekki álagningu tekjuskatts.

5145 Inneign virðisaukaskatts

Í þennan reit skal færa inneign virðisaukaskatts í lok reikningsárs. Ógreiddan virðisaukaskatt á hins vegar að færa í reit 6825.

5150 Verðbréf

Í þennan reit skal færa öll verðbréf sem eru til skemmri tíma en eins árs og ekki færast í reit 5160.

5160 Handbært fé

Í þennan reit skal færa allt handbært fé framteljanda í lok reikningsársins, þ.m.t. innstæður sem ekki eru bundnar til lengri tíma en eins árs.

Hér getur m.a. verið um að ræða eftirtalda liði:

- Sjóð.
- Óbundnar bankainnstæður.
- Innstæður á ávísanareikningum. Liðurinn handbært fé getur ekki tekið neikvætt gildi. Ef yfirdráttur á ávísanareikningi leiðir til þess að handbært fé verður neikvætt, þá skal hann færður í reit 6840 *Aðrar skammtímaskuldir*.
- Bankainnstæður sem ekki eru bundnar til lengri tíma en eins árs.
- Auðseljanleg verðbréf, sem ætluð eru til sölu eða innlausnar innan þriggja mánaða frá lokum reikningsárs.

5170 Aðrar eignir

Hér skal færa aðrar eignir sem ekki falla undir neitt af ofangreindu.

5990 Eignir samtals

Hér ber að færa samtölu eigna í reitum 5010 til 5170. Ef fjárhæðin er neikvæð þarf að gefa henni mínusformerki.

Vakin er athygli á að skv. 79. gr. laga nr. 138/1994 um einkahlutafélög og 104. gr. laga nr. 2/1995 um hlutafélög er framangreindum félögum **óheimilt** að veita hluthöfum, stjórnarmönnum eða framkvæmdastjórum slíkra félaga eða móðurfélags þeirra lán, nema um hafi verið að ræða venjuleg viðskiptalán. Um skattskyldu slíkra lána fer eftir atvikum 3. mgr. 1. tölul. A-liðar 7. gr. laga nr. 90/2003 eða 2. mgr. 4. tölul. sama A-liðar, sbr. 2. mgr. 11. gr. sömu laga.

Eigið fé

Á **RSK 1.04** er eigin fé skipt niður (sundurliðað) á 11 eiginfjárreikninga, en samtala alls eigin fjár í ársbyrjun, samtala breytinga eigin fjár á árinu og samtala alls eigin fjár við lok reikningsárs er sýnd sérstaklega í reitum **6670**, **6680** og **6690** í efnahagsyfirliti framtalsins á bls. 4.

Á yfirliti yfir eiginfjárreikninga má sjá upphafsstöðu hvers reiknings í ársbyrjun, sundurliðun breytinga á honum á árinu og stöðu hans við lok reikningsárs. Þessir eiginfjárreikningar eru: Hlutfé (stofnfé í sameignarfélögum), Eigin hlutir, Yfirverðsreikningur innborgaðs hlutfjár, Lögbundinn varasjóður, Endurmatsreikningur varanlegra rekstrarfjármuna, Gangvirðisreikningur fjáreigna, Hlutdeildarreikningur, Þýðingarmunur, Aðrir bundnir eiginfjárreikningar, Aðrir frjálsir eiginfjárreikningar og Óráðstafað eigið fé.

Fyrir hvern reikning er sýnd upphafsstaða ársins (árituð úr árslokastöðu í framtali fyrra árs í rafrænum framtalsskilum), allar breytingar á reikningnum á árinu og að lokum staða reikningsins við lok reikningsárs (reiknuð út frá upphafsstöðu og breytingum ársins). **Reynt skal að finna öllum breytingum stað í viðeigandi reitum**, en að auki er til staðar sérstakur reitur fyrir hvern reikning fyrir aðrar breytingar, **sem þá skal gera grein fyrir í sundurliðunartöflu framtalsins**.

Skattframtal rekstraraðila **RSK 1.04** er eins fyrir alla, hvort sem framteljandi er einstaklingur í rekstri eða lögaðili. Þess vegna eiga ekki allir reitir eigin fjár við alla framteljendur. Þannig geta t.d. reitir um hlutfé/stofnfé, eigin hluti, yfirverðsreikningur innborgaðs hlutfjár, lögbundinn varasjóður og arð aðeins átt við hjá lögaðilum, en reitir um úttektir og framlög til rekstrar geta aðeins átt við hjá einstaklingum og sameignarfélögum.

Athuga skal að enginn framteljandi þarf að fylla út alla þessa reiti í öllum eiginfjárreikningunum og í flestum tilfellum er aðeins um að ræða útfyllingu í fáeinum reitum. Sumir reitir eiga t.d. aðeins við um stærrí hlutfélög eða við ákveðnar aðstæður (t.d. ef um er að ræða hlutdeild félags í öðrum félögum).

Hvað varðar misræmi á milli ársreiknings og skattalaga er vísað í kaflann *Leiðréttingar á eigin fé* á bls. 34.

6070 - 6084 Hlutfé (stofnfé í sameignarfélögum)

Hér skal færa **skráð** hlutfé í hlutfélögum og stofnfé í sameignarfélögum, eins og það er skráð í ársreikningi (án frádráttar eigin hluta ef um þá er að ræða). Þegar hlutfé er hækkað eða lækkað með breytingum á samþykktum félagsins þarf að senda tilkynningu um breytingarnar ásamt nýjum samþykktum til ársreikningaskrár Skattsins. Yfirverð hlutfjár færast á yfirverðsreikning innborgaðs hlutfjár.

Reitur 6082 = 6072 + 6074 – 6076 + 6078 + 6080.

6086 - 6096 Eigin hlutir

Hér skal færa eigin hluti félags, það er hluti sem félagið á í sjálfu sér. Athuga skal að eigin hlutir félags eru dregnir frá við útreikning á stöðu eigin fjár samtals við lok reikningsárs.

Reitur 6094 = 6088 + 6090 + 6092.

6098 - 6114 Yfirverðsreikningur innborgaðs hlutfjár

Hér skal færa yfirverð vegna innborgaðs hlutfjár við stofnun félags eða við hækun á hlutfé. Athugið að kaup eigin hluta skulu fjármöggnuð úr frjálsum sjóðum, nema í undantekningartilvikum, og því er almennt ekki heimilt að færa kaup og sölu eigin hluta í gegnum yfirverðsreikning innborgaðs hlutfjár.

Reitur 6112 = 6100 + 6102 – 6104 + 6106 + 6108 + 6110.

6116 - 6126 Lögbundinn varasjóður

Í þennan reit skal færa fjárhæð lögbundins varasjóðs hlutfélaga skv. ársreikningi, sbr. 100. gr. laga nr. 2/1995 um hlutfélög og

75. gr. laga nr. 138/1994 um einkahlutfélög. Minnst 10% þess hagnaðar, sem ekki fer til þess að jafna tap fyrri ára og ekki er lagt í aðra lögbundna sjóði, **skal leggja í varasjóð** uns hann nemur 10% hlutfjár. Þegar því marki hefur verið náð skulu framlög vera minnst 5% þar til sjóðurinn nemur 1/4 hlutfjárins, nema samþykktir félagsins kveði á um hærra hlutfall.

Reitur 6124 = 6118 + 6120 + 6122.

6128 - 6140 Endurmatsreikningur varanlegra rekstrarfjármuna

Hér skal færa matsbreytingu ársins vegna endurmats varanlegra rekstrarfjármuna framteljanda, sbr. ákvæði 31. gr. laga um ársreikninga.

Reitur 6138 = 6130 – 6132 + 6134 + 6136.

6142 - 6154 Gangvirðisreikningur fjáreigna

Hér skal færa matsbreytingu ársins vegna fjáreigna sem metnar eru á gangvirði, að veltufjáreignum undanskyldum, sbr. ákvæði 38. gr. laga um ársreikninga.

Reitur 6152 = 6144 + 6146 + 6148 + 6150.

6156 - 6168 Hlutdeildarreikningur

Hér skal færa árlega hlutdeild félagsins í eigin fé dóttur- og/eða hlutdeildarfélaga, sbr. ákvæði 41. gr. laga um ársreikninga, að frádregnum þeim arði sem félagið getur gert kröfu um.

Reitur 6166 = 6158 – 6160 + 6162 + 6164.

6170 - 6180 Þýðingarmunur

Hér skal færa þýðingarmun vegna erlendra dóttur- og hlutdeildafélaga.

Reitur 6178 = 6172 + 6174 + 6176.

6182 - 6190 Aðrir bundnir eiginfjárreikningar

Hér skal færa aðra bundna eiginfjárreikninga, sem ekki færast annars staðar, svo sem eignfærðan þróunarkostnað.

Reitur 6188 = 6184 + 6186.

6192 - 6202 Aðrir frjálsir eiginfjárreikningar

Hér skal færa aðra óbundna eiginfjárreikninga, sem ekki eru hluti af óráðstöfuðu eigin fé, svo sem sérstakan sjóð sem aðeins má ráðstafa samkvæmt ákvörðun hluthafafundar sbr. 4. tölul. 2. mgr. 30. gr. laga um einkahlutafélög eða sbr. 4 tölul. 2. mgr. 51. gr. laga um hlutafélög.

Reitur 6200 = 6194 + 6196 + 6198.

6204 - 6236 Óráðstafað eigið fé

Hér skal færa óráðstafað eigið fé framteljanda og breytingar á því innan ársins, sundurliðaðar á viðeigandi reiti. Flestar breytingar á eigin fé ársins fara í gegnum þennan eiginfjárreikning.

Í reitinn „Reiknað endurgjald“ skal færa reiknað endurgjald (reiknuð laun) í atvinnurekstri, þ.m.t. reiknað endurgjald maka og barna undir 16 ára aldri, og skal fjárhæðin vera jöfn fjárhæð í reit 3080.

Í reitinn „Úttekt úr rekstri“ skal færa alla eigin úttekt eiganda, hvort sem hún er í reiðufé, vörum, þjónustu eða á öðru formi.

Í reitinn „Framlög til rekstrar“ skal færa framlög eiganda til rekstrar, á hvaða formi sem er.

Reitur 6234 = 6206 + 6208 + 6210 – 6212 + 6214 – 6216 + 6218 + 6220 + 6222 + 6224 + 6226 + 6228 + 6230 + 6232.

RSK 1.04 – 2022

Kennitala 0006**Yfirlit eiginfjárreikninga.****Staða í upphafi árs, breytingar á árinu og staða í árslok.****Hlutafé (stofnfé í sameignarfélögum)**

Staða í upphafi reikningsárs	+	6070
Innborgað hlutafé við stofnun/stofnfé	+	6072
Hækkun hlutafjár skv. samþykktum	+	6074
Lækkun hlutafjár skv. samþykktum	-	6076
Breytingar vegna samruna eða skiptingar	* +/-	6078
Aðrar breytingar skv. sundurliðunartöflu á framhaldsblaði RSK 4.14	* +/-	6080
Breytingar á árinu samtals Samtala reita 6072 til 6080	*	= 6082
Staða í lok reikningsárs Samtala reita 6070 og 6082	=	6084

Eigin hlutir

Staða í upphafi reikningsárs	+	6086
Kaup og sala eigin hluta	* +/-	6088
Breytingar vegna samruna eða skiptingar	* +/-	6090
Aðrar breytingar skv. sundurliðunartöflu á framhaldsblaði RSK 4.14	* +/-	6092
Breytingar á árinu samtals Samtala reita 6088 til 6092	*	= 6094
Staða í lok reikningsárs Samtala reita 6086 og 6094	=	6096

Yfirverðsreikningur innborgaðs hlutafjár

Staða í upphafi reikningsárs	+	6098
Innborgað hlutafé við stofnun/stofnfé	+	6100
Hækkun hlutafjár skv. samþykktum	+	6102
Lækkun hlutafjár skv. samþykktum	-	6104
Kaup og sala eigin hluta	* +/-	6106
Breytingar vegna samruna eða skiptingar	* +/-	6108
Aðrar breytingar skv. sundurliðunartöflu á framhaldsblaði RSK 4.14	* +/-	6110
Breytingar á árinu samtals Samtala reita 6100 til 6110	*	= 6112
Staða í lok reikningsárs Samtala reita 6098 og 6112	=	6114

Lögbundinn varasjóður

Staða í upphafi reikningsárs	+	6116
Tillag í varasjóð	+	6118
Breytingar vegna samruna eða skiptingar	* +/-	6120
Aðrar breytingar skv. sundurliðunartöflu á framhaldsblaði RSK 4.14	* +/-	6122
Breytingar á árinu samtals Samtala reita 6118 til 6122	*	= 6124
Staða í lok reikningsárs Samtala reita 6116 og 6124	=	6126

Endurmatsreikningur varanlegra rekstrarfjármuna

Staða í upphafi reikningsárs	+	6128
Matsbreyting endurmats varanlegra rekstrarfjármuna	* +/-	6130
Afskrift/upplausn endurmatsreiknings	-	6132
Breytingar vegna samruna eða skiptingar	* +/-	6134
Aðrar breytingar skv. sundurliðunartöflu á framhaldsblaði RSK 4.14	* +/-	6136
Breytingar á árinu samtals Samtala reita 6130 til 6136	*	= 6138
Staða í lok reikningsárs Samtala reita 6128 og 6138	=	6140

Gangvirðisreikningur fjáreigna

Staða í upphafi reikningsárs	+	6142
Matsbreyting gangvirðis fjármálagerna	* +/-	6144
Upplausn gangvirðisreiknings vegna sölu á fjármálagerningum	* +/-	6146
Breytingar vegna samruna eða skiptingar	* +/-	6148
Aðrar breytingar skv. sundurliðunartöflu á framhaldsblaði RSK 4.14	* +/-	6150
Breytingar á árinu samtals Samtala reita 6144 til 6150	*	= 6152
Staða í lok reikningsárs Samtala reita 6142 og 6152	=	6154

Fjárhæðir fá gildi í samræmi við formerki (+ eða -) sem prentað er framan við reit. Reitir sem geta tekið mismunandi formerki eru merktir með stjörnu. Þegar fjárhæð í reit, sem merktur er með stjörnu, á að vera neikvæð þarf framteljandi að gefa fjárhæðinni mínus formerki (t.d. -12.345).

Skuldir

Skuldir skulu tilgreindar og sundurliðaðar eins og reitir eyðublaðsins gefa til kynna. Vakin er athygli á aðgreiningu innborgana eftir þrepum virðisaukaskatts, aðgreiningu innlendra og erlendra skulda og aðgreiningu skulda við tengda aðila.

Hvað varðar misræmi á milli ársreiknings og skattalaga er vísað í kaflann *Leiðréttingar á eigin fé* á bls. 34.

(flutt úr reit 6278 á bls. 7)	+	-	
Víkjandi lán	+		6705
Eftirlaunaskuldbindingar	+		6710
Tekjuskattsskuldbinding	*	+/-	6720
Erlendar langtímaskuldir	+		6730
Skuldir við tengda aðila sem ekki eru vaxtareiknaðar	+		6740
Skuldir við tengda aðila sem eru vaxtareiknaðar	+		6750
Aðrar langtímaskuldir	+		6760
Erlendar skammtímaskuldir	+		6770
Innborganir fyrir afhendingu (24% skattþrep)	+		6787
Innborganir fyrir afhendingu (11% skattþrep)	+		6797
Viðskiptaskuldir	+		6800
Næsta árs afborganir af langtímalánum	+		6810
Ógreiddur virðisaukaskattur	+		6825
Aðrar fyrirframheimtar tekjur	+		6830
Aðrar skammtímaskuldir	+		6840
Skuldir samtals Samtala reita 6705 til 6840	*	=	6990

6730 Erlendar langtímaskuldir

Í þennan reit skal færa allar langtímaskuldir í erlendum gjaldmiðlum.

6740 Skuldir við tengda aðila sem ekki eru vaxtareiknaðar

Í þennan reit skal færa allar skuldir við tengda aðila, sem ekki eru vaxtareiknaðar með sambærilegum kjörum og gilda í innlánsstofnunum á hverjum tíma.

6750 Skuldir við tengda aðila sem eru vaxtareiknaðar

Í þennan reit skal færa allar skuldir við tengda aðila, sem eru vaxtareiknaðar með sambærilegum kjörum og gilda í innlánsstofnunum á hverjum tíma.

6760 Aðrar langtímaskuldir

Hér skal færa allar langtímaskuldir sem ekki eru taldar með undir öðrum reitum. Með langtímaskuldum er hér átt við skuldir til lengri tíma en eins árs. Ef hluti annarra langtímaskulda er færður í reit 6810 *Næsta árs afborganir af langtímalánum* þarf að lækka fjárhæð í þessum reit samsvarandi.

6770 Erlendar skammtímaskuldir

Í þennan reit skal færa allar skammtímaskuldir í erlendum gjaldmiðlum.

6705 Víkjandi lán

Í þennan reit skal færa öll víkjandi lán samkvæmt ársreikningi.

6710 Eftirlaunaskuldbindingar

Í þennan reit skal færa eftirlaunaskuldbindingar (lífeyrisskuldbindingar) samkvæmt ársreikningi.

Sjá einnig *Leiðréttingar á eigin fé* á bls. 34.

6720 Tekjuskattsskuldbinding

Í þennan reit skal færa tekjuskattsskuldbindingu framteljanda samkvæmt ársreikningi.

Sjá einnig *Leiðréttingar á eigin fé* á bls. 34.

6787 Innborganir fyrir afhendingu (24% skattþrep)

Í þennan reit skal færa allar innborganir fyrir afhendingu (fyrirfram innheimtar tekjur) vegna sölu á vöru og/eða þjónustu eða leigu í 24% virðisaukaskattsþrepi í lok reikningsárs. Aðrar tekjur, sem eru fyrirfram innheimtar, skulu færast í reiti 6797 eða 6830. Fjárhæðir færast án virðisaukaskatts.

6797 Innborganir fyrir afhendingu (11% skattþrep)

Í þennan reit skal færa allar innborganir fyrir afhendingu (fyrirfram innheimtar tekjur) vegna sölu á vöru og/eða þjónustu eða leigu í 11% virðisaukaskattsþrepi í lok reikningsárs. Aðrar tekjur, sem eru fyrirfram innheimtar, skulu færast í reiti 6787 eða 6830. Fjárhæðir færast án virðisaukaskatts.

6800 Viðskiptaskuldir

Í þennan reit skal færa allar viðskiptaskuldir sem ekki eru færðar annars staðar, t.d. skuldir við birgja og skuldir við flutningsaðila.

6810 Næsta árs afborganir af langtímalánum

Í þennan reit skal færa þær afborganir langtímalána sem greiðast skulu innan eins árs (og teljast því hér til skammtímaskulda).

6825 Ógreiddur virðisaukaskattur

Hér skal færa ógreiddan virðisaukaskatt í lok reikningsárs. Inneign virðisaukaskatts á hins vegar að færa í reit 5145.

6830 Aðrar fyrirframinnheimtar tekjur

Hér skulu koma fyrirframinnheimtar tekjur í lok reikningsárs, sem ekki stafa af virðisaukaskattsskyldri sölu.

6840 Aðrar skammtímaskuldir

Hér skal færa allar skammtímaskuldir, sem ekki eru taldar annars staðar. Með skammtímaskuldum er hér átt við skuldir til skemmri tíma en eins árs. Í reitinn færast skuldir við innlenda aðila sem hvorki teljast viðskiptaskuldir (sbr. reitur 6800) né teljast til fyrirfram innheimtra tekna.

Hér gæti t.d. verið um að ræða eftirtalda liði:

- Yfirdráttarlán.
- Afurðalán.
- Ógreidd laun.
- Ógreiddir skattar. Til lækkunar ógreiddum sköttum færast staðgreiðsla fjármagnstekjuskatts, ef gjaldandi mun sæta álagningu tekjuskatts.
- Áætluð opinber gjöld.
- Ógreiddur arður.
- Ýmis áfallinn en ógreiddur kostnaður.

6990 Skuldir samtals

Hér ber að færa samtölu skulda í reitum 6705 til 6840. Ef fjárhæðin er neikvæð þarf að gefa henni mínusformerki.